

**Nd.** **617. Frumvarp til laga** ]173. mál]

um breyting á og viðauka við lög nr. 117/1950, um breyting á lögum nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

**1. gr.**

2. mgr. 1. gr. laga nr. 117/1950 verði svo hljóðandi:

Frá 1. febrúar 1951 skulu laun ekki taka breytingum frá því, sem greitt var í janúar þ. á., nema svo verði ákveðið í kjarasamningum gerðum eftir þann tíma. Laun opinberra starfsmanna árið 1951 skulu miðuð við kaupgjaldsvísitölu 123.

**2. gr.**

Í stað 2. mgr. 9. gr. laga nr. 22/1950 komi ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Ákvæði gildandi laga um verðlagningu landbúnaðarafurða skulu haldast. Hækka má á verðlagsárinu verð landbúnaðarafurða sem nemur hækkun á dreifing- og vinnslukostnaði á sama hátt og verið hefur.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.